

EFTIRLITSSKÝRSLA

Skeljungur Krossanesi



Dags eftirlits	17.10.2014	Fulltrúi UST	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Skeljungur	Fulltrúi UST	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Borgartún 26	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5902691749	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Aðalsteinn Árnason	ÍSAT nr.	51.51.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	540523,391 578828,293

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit fannst ekki frávik frá kröfum í starfsleyfi. Engin önnur athugasemd var gerð við olíubirgðastöðina.

UMFANG EFTIRLITS

Vorum tvö í eftirliti frá Umhverfisstofnun, undirritaður og Guðbjörg Stella Árnadóttir. Sest var yfir rekstrarhandbók í stöð Skeljungs á Krossanesi, farið yfir mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Ekki eru gerðar athugasemdir við skráningar í rekstrarhandbók.

Olíuskiljur voru þjónustaðar þennan sama dag og eftirlit fór fram í stöðinni. Til þess að ákvarða magn olíuleifa í fráveituvatni frá olíuskiljunum var olíupróf Macherey-Nagel var notað. Olía greindist ekki í synunum. Stöðin stenst því ákvæði 2.4 í starfsleyfi en þar segir að olía í frárennsli stöðvarinnar megi ekki vera meira en 15 mg/kg.

Allar lagnir hafa verið þrýstiprófaðar á síðustu fimm árum og stóðust þær prófanir. Núna síðast var úrgangsolíulögnin þrýstiprófuð með góðum árangri.

Allir geymar hafa verið þykktarmældir á síðustu 10 árum. Skipt var um botn og neðsta umfar á úrgangsolíugeyminum eftir að hann kom illa út í botnþykktarmælingu. Skýrsla um viðgerðina og lekaprófun að henni lokinni hafa nú borist.

Í stærstu þrónni hefur vatnsagi undan brekkunni fyrir ofan stöðinni verið til vandræða. Niðurfali í þróarbotni hefur nú verið búið olíuskynjara og rafstýrdum loka sem lokar þrónni ef olía skynjast í vatninu.

Bensín er geymt í stöðinni. Samkvæmt 3. gr. reglugerðar nr. 252/1999, um varnir við losun rokkgjarnra lífrænna efnasambanda (VOC), við geymslu á bensíni og dreifingu þess frá birgðastöðvum til bensínstöðva, eru fyrirliggjandi geymar með föstu þaki í olíubirgðastöðvum undanþegnir ákvæðum um gufuendurnýtingarbúnað. Stöðin í Krossanesi hefur ekki gufusöfnunarbúnað.

Gengið var um stöðina, myndir teknar og geymir skoðaður svo og lekavarnir (þró) og olíuskiljur. Lokar í frárennsli stöðu lokaðir. Áfyllingarplan var ennfremur skoðað. Girðingar og hlið voru í lagi.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eru til staðar.

ATHUGASEMDIR

Engin athugasemd var gerð við olíubirgðastöðina.

ANNAÐ

Búið er að skipta um botn og neðsta umfar á geymi B202 og skýrsla þar um og lekaprófun hafa borist. Botnþykktarmæla skal næst í síðasta lagi 2023.

Reykjavík, 17.12.2014

Gottskálk Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.